



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hugtakið meðábyrgð.

Hvenær leiðir gáleysi tjónhola til bótakerðingar?

Nemandi: Sigurður Haukur Grétarsson

Leiðbeinandi: Eiríkur Elís Þorláksson

Lokaverkefni til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Háskólinn á Bifröst

Lagadeild

Haustönn 2013

Staðfesting lokaverkefnis til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Lokaverkefnið:

Hugtakið meðábyrgð.

Hvenær leiðir gáleysi tjónþola til bótaskerðingar?

Höfundur:

Sigurður Haukur Grétarsson, kt. 301280-5569

Leiðbeinandi:

Eiríkur Elís Þorláksson

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum

Háskólans á Bifröst

og hefur hlotið einkunnina: _____

Bifröst: _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Ágrip

Í þessari ritgerð verður bótagrundvöllur meðábyrgðar tjónþola skoðaður og fjallað verður um á hvaða grundvelli skaðabótaábyrgð vegna meðábyrgðar tjónþola er ákvörðuð. Farið verður yfir sakarregluna og hún skilgreind ásamt því að hugtök tengd henni verða skýrð nánar. Einnig verður farið yfir sakarlíkindaregluna, vinnuveitandaábyrgð og hlutlæga ábyrgð þar sem þessar reglur tengjast viðfangsefninu á einn eða annan hátt. Ef grundvöllur er fyrir bótakröfu tjónþola getur meðábyrgð hans valdið skerðingar skaðabóta að hluta eða að öllu leyti, sé hann sjálfur meðábyrgur vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings.

Sérstaklega verður gerð grein fyrir hugtakinu meðábyrgð tjónþola, fjallað verður um réttaráhrif og sögulega þróun hugtaksins og verður áhersla lögð á að varpa ljósi á hvenær gáleysi tjónþola leiðir til bótaskerðingar.

Við sakarmatið hafa komið til hjálpar í seinni tíð mikið safn reglugerða og reglna og nægir oft að athuga hvort tjónvaldur hafi brotið gegn þeim reglum við mat á sök hans. Þá er talað um að hlutlægur mælikvarði hafi verið notaður við sakarmatið og þarf þá ekki að fara út í huglægt mat. Meðábyrgð tjónþola getur verið þungbær en lagaákvæði hafa verið lögfest og dómvenjur myndast sem draga úr ábyrgð einstaklinga.

Formáli

Ritgerð þessi var unnin á Bifröst haustið 2013. Hún er 12 ECTS eininga ritgerð til B.S. gráðu í viðskiptalögfræði við lagadeild Háskólans á Bifröst. Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir reglunni um meðábyrgð tjónþola og þeim hugtökum sem tengjast viðfangsefninu.

Þakkir: Undirritaður vill færa þeim þakkir sem aðstoðað hafa við vinnslu ritgerðarinnar. Ritgerðin er unnin undir leiðsögn Eiríks Elís Þorlákssonar og vil ég þakka honum fyrir góðar athugasemdir og leiðsögn við vinnslu ritgerðarinnar. Konunni minni Andreu Valgeirsdóttir, viðskiptalögfræðing, vil ég þakka fyrir yfirlestur og ráðleggingar og einnig Hjalta Brynjari Árnasyni, lögfræðingi, fyrir yfirlestur og góðar ráðleggingar varðandi lokafrágang ritgerðarinnar. Að lokum vil ég þakka Andreu Jóhannsdóttur bókasafnsfræðingi fyrir hjálp við heimildaleit.

Háskólinn á Bifröst, 2013

Sigurður Haukur Grétarsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Almenn um skilyrði skaðabótaábyrgðar	2
2.1 Sakarreglan	2
2.1.1 Saknæmi.....	3
2.1.1.1 Gáleysi	3
2.1.1.2 Stórkostlegt gáleysi.....	4
2.1.2 Bonus pater familias mælikvarðinn	5
2.2 Brot á skráðum háttænisreglum, fordæmum og/eða venjum.....	6
2.3 Orsakatengsl og sennileg afleiðing	9
2.3.1 Orsakatengsl.....	9
2.3.2 Sennileg afleiðing	11
2.4 Sakarlíkindareglan	12
2.5 Vinnuveitendaábyrgð.....	13
2.5.1 Helstu rök fyrir reglunni um vinnuveitendaábyrgð	13
2.5.2 Vinnuveitandi.....	14
2.5.3 Starfsmaður	15
2.6 Hlutlæg ábyrgð.....	15
3. Meðábyrgð tjónþola	17
3.1 Inntak reglunnar um meðábyrgð tjónþola.....	18
3.2 Mat á meðábyrgð	18
3.3 Mismunandi réttaráhrif meðábyrgðar	19
3.4 Breyting á viðhorfum í umferðarétti	19
3.5 Breyting á viðhorfum í skaðabótarétti	21
3.6 Meðábyrgð barna	23
3.7 Heimild til að líta framhjá meðábyrgð tjónþola.....	24
4. Niðurstöður	26
5. Lokaorð	28
Heimildaskrá.....	29
Lagaskrá.....	31
Reglugerðir	31
Dómaskrá	32



1. Inngangur

Staða einstaklinga sem valda tjóni hefur styrkst nokkuð síðustu áratugi í skaðabótarrétti, segja má að þær breytingar hafi falist í að takmarka ábyrgð þeirra á tjóni sem þeir valda í umferðinni og í starfi sínu. Fyrst með lögfestingu 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (hér eftir umfl., þar sem við á) og síðan með lögfestingu skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir skbl., þar sem það á við) voru mikilvægar reglur lögfestar sem lúta að skaðabótaábyrgð, sbr. 19. og 23. gr. skbl., a-liður bættist svo við 23. gr. með lögum nr. 124/2009 um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum (hér eftir breytingarlög nr. 124/2009).

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir hugtakinu meðábyrgð tjónþola og hvenær gáleysi tjónþola leiðir til bótaskerðingar. Einnig verður gerð grein fyrir öðrum hugtökum í skaðabótarétti sem tengjast viðfangsefninu. Lögð verður áhersla á að skoða nýlega dómaframkvæmd og bera hana saman við eldri dóma til að kanna hvernig þróunin hefur verið. Höfundur stefnir á að gera skýrlega grein fyrir helstu efnistöfum og vonast til að lesandi fái góða sýn á efni ritgerðarinnar.

Við vinnslu þessarar ritgerðar mun höfundur nota lögfræðilega rannsóknaraðferð sem felst í því að skoða lög, dóma, frumvörp með lögum og skrif fræðimanna á sviði rannsóknarefnisins til þess að varpa ljósi á hvenær myndi helst reyna á meðábyrgð tjónþola.

Vegna takmarka á lengd ritgerðarinnar mun höfundur ekki kafa eins djúpt í dómaframkvæmd og hann hefði kosið að gera og af sömu ástæðu mun höfundur takmarka efnið við íslenskan rétt.

Uppbygging ritgerðarinnar verður með þeim hætti að fyrst verður bótagrundvöllur krafna sem byggja á meðábyrgð tjónþola skoðaður, þ.e. hvort hann byggist á sakarreglunni, vinnuveitandaábyrgð, hlutlægri ábyrgð eða sakarlíkindareglunni og verður fjallað um hugtök þeim tengdum. Í þriðja kafla verður fjallað um hugtakið meðábyrgð tjónþola, þróun meðábyrgðar, rökin fyrir reglunni og hvernig matið fer fram hjá dómstólum. Í þriðja kafla verður einnig skoðuð viðhorfsbreyting sem hefur átt sér stað í umferðarrétti og skaðabótarétti og sú breyting sem varð í skaðabótalögum með breytingarlögum nr. 124/2009.

Að lokum verða kynntar niðurstöður höfundar á rannsóknarspurningu ritgerðarinnar sem er: *Hugtakið meðábyrgð. Hvenær leiðir gáleysi tjónþola til bótaskerðingar?*



2. Almennt um skilyrði skaðabótaábyrgðar

Í skaðabótarétti er oft talað um bótagrundvöll, en með því er átt við þá reglu sem við á um skilyrði eða grundvöll skaðabótaábyrgðar. Bótagrundvöllurinn er mikilvægur og mikilvægt er að bótakrafa grundvallist á þeirri reglu sem við á í hverju tilviki fyrir sig.¹ Til skaðabótaábyrgðar getur ekki komið nema fyrir liggi að fullnægt sé þeim skilyrðum sem eiga við samkvæmt þeirri reglu er gildir um bótagrundvöllinn í hverju tilviki fyrir sig. Yfirleitt er miðað við að fjórir möguleikar séu fyrir hendi um bótagrundvöllinn² þegar til álita kemur að tjón sé skaðabótaskyld. Í fyrsta lagi sakarreglan, í öðru lagi regla um hlutlæga ábyrgð, í þriðja lagi reglan um vinnuveitandaábyrgð og í fjórða lagi sakarlíkindareglan. Segja má um sakarlíkindaregluna að hún sé alveg eins og sakarreglan nema að því leytir að sönnunarbyrði um sök er snúið við og þarf þá tjónvaldur að sanna að hann hafi ekki valdið tjóni með saknæmum hætti. Hafa ber í huga að sakarlíkindareglan er meðhöndluð sem sérregla.³ Síðastnefndu reglurnar þrjár eru oft nefndar víðtækar ábyrgðarreglur, en með víðtækri ábyrgð er átt við að aðrar reglur en sakarreglan eigi við eða geti átt við um skaðabótaábyrgð.⁴

Menn losna ekki endilega undan skaðabótaábyrgð þótt þeirra tilvik falli ekki undir setta lagareglu á því sviði, kemur það til af því að innan skaðabótaréttarins gilda ólögfestar bótareglur.⁵

Sú regla sem ber mest á í skaðabótaréttinum er sakarreglan (culpa-reglan)⁶ og varðar viðfangsefni þessarar ritgerðar hvað mest af fyrrgreindum reglum en vikið verður að sakarreglunni í næsta kafla og farið yfir helstu þætti hennar.

2.1 Sakarreglan

Sakarreglan er upprunalega úr Rómarrétti⁷ og telja danskir fræðimenn að henni hafi verið fyrst beitt í Danmörku í kringum miðja 18. öld í Hæstaréttardómi frá árinu 1759.⁸ Líkt og mörg íslensk lög eru íslensku skaðabótalögin byggð á þeim dönsku og byrjuðu Íslendingar að beita sakarreglunni þegar starfsemi Hæstaréttar Íslands hófst þann 16. febrúar 1920.⁹

¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 137.

² Guðjón St. Marteinson. (2008). *Skaðabótaréttur*. Bls. 8. Ekki eru allir sammála um að reglurnar séu fjórar, til dæmis telur Guðjón St. Marteinson reglurnar vera þrjár um bótagrundvöllinn. Hann telur að sakarlíkindareglan sé aðeins eitt afbrigði sakarreglunnar og sé því ekki um sjálfstæða reglu að ræða.

³ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 137.

⁴ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 22.

⁵ Guðjón St. Marteinson. (2008). *Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana*. Bls. 9.

⁶ Guðjón St. Marteinson. (2008). *Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana*. Bls. 9.

⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 78.

⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 83.

⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 86.



Sakarreglan var oft nefnd almenna skaðabótareglan hér áður fyrr og er meginregla í íslenskum rétti, með því er átt við að reglum um víðtæka ábyrgð verður ekki beitt nema það sé ljóst að þær eigi við.¹⁰ Sakarreglan hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði, að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.¹¹

Þó sakarreglan sé ólögfest er vísað til þess að bótaábyrgð fari eftir almennum reglum í ýmsum lögum og er þá átt við að sakarreglan gildi,¹² má þar nefna sem dæmi 89. gr. umfl. og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Vikið verður nánar að inntaki sakarreglunnar í næstu köflum.

2.1.1 Saknæmi

Menn þurfa að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi svo að til skaðabótaábyrgðar geti komið samkvæmt sakarreglunni.¹³ Saknæm háttsemi er í sjálfu sér ekki bótaskyld, nema þegar slík háttsemi orsakar tjón.¹⁴ Saknæmi er sameiginlegt heiti á ásetningi (dolus) og gáleysi (culpa). Talað er um ásetning þegar tjóni er valdið viljandi, þ.e. tjónvaldi má vera ljóst að tjón sé óhjákvæmileg afleiðing hegðunar hans eða að yfirgnæfandi líkur séu á því að tjón verði af háttsemi hans.¹⁵ Svo til bótaábyrgðar komi nægir gáleysi samkvæmt sakarreglunni.¹⁶

2.1.1.1 Gáleysi

Með gáleysi er átt við að ekki er gætt þeirrar varkárni sem til má ætlast.¹⁷ Með gáleysi er átt við huglæga afstöðu geranda sem felst í vilja hans. Ekki er átt við með vilja að vilji sé til að valda tjóni heldur er átt við vilja til að viðhafa tiltekna háttsemi. Hin skaðabótaskylda háttsemi þarf þannig að stýrast af viljanum. Hlutlægi þátturinn er þegar tjónvaldur sýnir af sér háttsemi sem er frávik frá því sem mælt er fyrir um í skráðum háttternisreglum, fordæmum eða venjum sem gilda á hverju sviði fyrir sig. Hlutlægt séð má háttsemin ekki vera alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem tjónþola bar að viðhafa¹⁸ en vikið verður að því síðar í kafla 2.1.3.

Hugtakið gáleysi er hvergi skilgreint í settum lögum en aftur á móti er vísað til hugtaksins á mörgum stöðum eins og til dæmis í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 17/1991 um

¹⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 137- 138.

¹¹ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 58.

¹² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 138.

¹³ Guðjón St. Marteinsson. (2008). *Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnanna*. Bls. 33.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 346.

¹⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 53.

¹⁶ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 58.

¹⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 53.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*, bls. 158-159.



einkaleyfi og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Gáleysi hefur verið skilgreint sem svo í skaðabótarétti:

Tjóni er valdið af gáleysi, ef háttsemi tjónvalds hefur, vegna þess að hann hefur ekki sýnt þá varkárni, sem ætlast mátti til af honum, vikið frá því, sem telja má viðurkennda háttsemi samkvæmt því sem ákveðið er í lögum, fordæmum, venjum eða eftir öðrum viðmiðunum í skaðabótarétti.¹⁹

Í þessari skilgreiningu felst að tjónvaldur hefði getað forðast það að valda tjóni ef hann hefði hegðað sér öðruvísi en hann gerði.²⁰

Flokkar gáleysis eru tveir, almennt gáleysi sem er lægra stig gáleysis²¹ og stórkostlegt gáleysi er hærra stig gáleysis.²² Flokkunin skiptir miklu máli fyrir tjónþola þar sem hann getur verið skaðabótaábyrgur fyrir tjóni ef háttsemi hans fellur undir stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

2.1.1.2 Stórkostlegt gáleysi

Í seinni tíð hefur munurinn á almennt gáleysi og stórkostlegu gáleysi aðeins verið talinn stigsmunur sem er fremur óljós. Þegar greint er á milli almenns gáleysis og stórkostlegs gáleysis er litið fyrst á hinn hlutlæga þátt, þ.e. í stórkostlegu gáleysi felst alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem tjónþola þarf að viðhafa. Stórkostlegt gáleysi þarf aftur á móti ekki að fela í sér að tjónþoli hafi verið meðvitaðri um möguleika á tjóni en þegar um almennt gáleysi er að ræða. Stórkostlegt gáleysi er oft meðvitað og mun oftast en almennt gáleysi. Sýni tjónvaldur af sér stórkostlegt gáleysi er hann almennt að auka líkur á því að valda tjóni,²³ þessu til stuðning má benda á *Hrd. 3. nóvember 2011 (689/2010)*:

H hafði áður verið sakfelldur í héraðsdómi fyrir manndráp af gáleysi. Málavextir voru þeir að H lenti í umferðarslysi er hann sem ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á henni á blautri götu í íbúðabyggð og endaði á steiptum húsvegg, þegar hann ók fram úr bifreið þar sem leyfður hámarks hraði var 50 kílómetrar á klukkustund. Kvaðst ökumaður bifreiðar þeirrar er H ók fram úr hafa verið á 40 kílómetra hraða á klukkustund og gæti hraði bifreiðar H hafa verið 70-80 kílómetrar á klukkustund þegar H ók fram úr honum og missti stjórn bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin kastaðist á vegginn. Talið var sannað að bifreiðinni hafi verið ekið á allt að 85 kílómetra hraða á klukkustund. Þegar slysið varð. Í kjölfar slyssins var gerð bíltæknirannsókn og samkvæmt þeirri rannsókn voru afturhjólbardar slitnir og mynstur nánast horfið, hemladiskar skemmdir af ryði og verulegur mismunur á loftþrýstingi í hjólbörðum. Slit og ójafn þrýstingur í hjólbörðum að aftan hafi skert stöðugleika bifreiðarinnar verulega sem hefði þó ekki átt að koma að sök undir eðlilegum kringumstæðum þar sem hámarks hraði á umræddum vegarkafli var 50 kílómetrar á klukkustund. Aftur á móti var tekið fram að ökutækið hafi ekki verið í almennt notkunarhæfu ástandi vegna slits hjólbardanna að aftan. Þá kom fram að orsök slyssins yrði ekki rakin til skyndibilunar í ökutækinu. H krafði svo váttryggingarfélag sitt (V) um bætur úr slysatryggingu ökumanns. V taldi H hafa fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysatryggingu sinni að öllu leyti eða að hluta vegna þess að slysið mætti rekja til stórkostlegs gáleysis H. Hæstiréttur mat það svo að aðstæður á vettvangi hefðu gert framúrakstur varhugaverðan, meðal

¹⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 147.

²⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 147.

²¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 158.

²² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 161.

²³ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 161.



annars vegna þess að vænta mátti umferðar frá gatnamótum sem og gangandi vegfarenda. Einnig taldi Hæstiréttur að þar sem bifreiðinni hefði verið ekið langt yfir leyfilegum hámarks hraða, auk þess sem hún hafi verið vanbúin, hafi H valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi. H var látinn bera þriðjung tjóns síns sjálfur sökum stórkostlegs gáleysis.

Eins og sést á þessum dómi er litið til ástands ökutækisins og háttsemi ökumannsins og spila báðir þættir hlutverk í sakarmatinu. Miðað við ástand bifreiðarinnar og háttsemi ökumannsins voru auknar líkur á því að tjón hlytist af og taldi því Hæstiréttur að um stórkostlegt gáleysi væri að ræða. Tjónþolinn ber ábyrgð á ástandi bifreiðarinnar en ekki tryggingafélagið og þó hann hefði ekki ekið of hratt hefði hann jafnvel einnig verið ábyrgur fyrir tjóninu sökum ástands bifreiðarinnar.

2.1.2 *Bonus pater familias mælikvarðinn*

Þegar leitast er við því að svara því hvernig tjónvaldur hefði átt að haga sér hefur lengst af í skaðabótarétti verið spurt að því hvernig gegn og skynsamur maður (*bonus pater familias*), hefði hegðað sér við tiltekna aðstæður.²⁴ Þessi aðferðarfræði kom oft fram í eldri dómum en kemur einnig fram í einstaka nýrri dómum og má þar nefna *Hrd. 2001, bls. 426 (323/2000)*, þar sem deilt var um vitneskju stefnda og hlutræna háttsemi hans. Samkvæmt þessari vitneskju átti stefndi ekki að aka á þeim hraða sem hann gerði. Í rökstuðningi Hæstaréttar sagði: „Verður í ljósi vitneskju stefnda um þessa hættu að meta honum til gáleysis að hafa í umrætt sinn ekið á 80 km hraða á klukkustund í myrkri og hálku.“

Bonus pater familias mælikvarðinn hefur sætt mikilli gagnrýni á síðustu áratugum. Er það einkum vegna takmarkana sem á honum eru og aukinnar regluvæðingar á nær öllum sviðum þjóðlífsins. *Bonus pater familias* mælikvarðinn er ekki talinn standast vegna þess að menn gera mistök en mælikvarðinn gerir ekki ráð fyrir að hinn gegni og skynsami maður geri mistök. Mælikvarðinn varð til við allt aðrar aðstæður og nú á dögum er útilokað að nokkur maður geti verið sérfróður á öllum sviðum samfélagsins. Tilraun var gerð til að búa til annan mælikvarða sem rýmkaði *bonus pater familias* mælikvarðann og var hann kallaður *vir optimus*. *Vir optimus* átti „að miða við þann fullorðna mann, sem best hafði hagnýtt sér þá þekkingu, sem til var á viðkomandi sviði.“ Þannig var *bonus pater familias* mælikvarðinn búinn til fyrir hvert sérsvið.²⁵ Í *Hrd. 1999, bls. 827 (341/1998)* var *vir optimus* mælikvarðinn notaður:

Atvikin voru þau að háseti á togara skar sig á fingri með vasahníf. Skipstjórinn saumaði sárið í samráði við lækni og gaf hásetanum sýklalyf. Læknirinn, sem staddur var í landi, mat það svo að ekki væri ástæða til að sigla hásetanum í land vegna sársins. Rúmum tveimur árum síðar var gerð aðgerð á hásetanum og var hluti fingursins fjarlægður vegna sýkingar sem hafði komið í sárið. Hásetinn krafði útgerðina um bætur á grundvelli þess að skipstjórinn hefði sýnt af sér stórkostlegt

²⁴ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 149.

²⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 150-151.



gáleysi. Við mat á sök skipstjórans varð að hafa í huga að hann gat ekki séð að sin hefði farið í sundur í fingrinum enda væri ekki hægt að gera sömu kröfur til hans og lækni eða hjúkrunarfræðings. Skipstjórinn hringdi í lækni til að fá ráðleggingu og fylgdi þeim fyrirmælum ásamt því að læknirinn taldi ástæðulaust að sigla með hásetann í land til frekari aðhlyningar og því hefði skipstjórinn látið það ógert. Hæstiréttur mat það svo að skipstjórinn hefði brugðist rétt við í slysinu og að hann hefði hagað sér eins og góðum og gegnum skipstjóra bar við þessar kringumstæður.

Dómurinn hefði ef til vill fallið öðruvísi hefði læknirinn saumað sjálfur á honum fingurinn og verið staddur um borð og tekið þessar ákvarðanir þaðan, þ.e. gerðar yrðu meiri kröfur til sérfræðings vegna sérfræðilekkingar hans. Regluvæðing hefur aukist síðustu áratugi og er það ástæða þess að dregið hefur verið úr að nota tilbúinn mælikvarða þar sem lög og skráðar háttennisreglur eru á flestum sviðum.

2.2 Brot á skráðum háttennisreglum, fordæmum og/eða venjum

Hægt er að slá því föstu að tjónvaldur hefur ekki viðhaft nægilega aðgæslu og þannig sýnt af sér gáleysi ef hann hefur hegðað sér andstætt fyrirmælum í skráðum háttennisreglum. Með skráðum reglum er átt við lög í þrengri merkingu, þ.e. lög sett af Alþingi og lög í rýmri merkingu, þ.e. lög sett af Alþingi, reglugerðir, samþykktir og önnur almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Því sértækari sem háttennisreglan er, því meiri þýðingu hefur hún yfirleitt við sakarmatið þar sem hún felur í sér betri leiðbeiningu fyrir dómstóla,²⁶ dæmi um skráða háttennisreglu er 15. gr. umferðalaga, sem er svohljóðandi:

Ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu sína, skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Huglægi þátturinn er þannig talinn uppfylltur ef tjónvaldur hefur hegðað sér andstætt skráðum fyrirmælum án þess að sýnt sé sérstaklega fram á það,²⁷ sbr. *Hrd. 3. mars 2011 (514/2010)*:

Málsatvik voru þau að ökumaður fólksbifreiðar lenti í árekstri á Reykjanesbrautinni þegar hann ákvað að aka fram úr jeppabifreið við vegamót á vegi sem var merktur hálfbrotinni línu. Slíkar merkingar gefa til kynna að varhugavert er að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Ökumanni bar því aka fram úr með sérstakri varúð og að fullvissa sig um að skilyrðum væri örugglega fullnægt svo að aka mætti fram úr á eða við vegamótin. Í sömu mund og ökumaður fólksbifreiðarinnar beygði út á vinstri akrein til að taka fram úr beygði ökumaður jeppabifreiðarinnar henni inn á vinstri akrein þar sem ætlun hans var að aka inn á Nickel-svæðisveg. Niðurstaða héraðsdóms og Hæstaréttar var sú að ökumaður fólksbifreiðarinnar var látinn bera helmingshluta tjóns síns.

Mikil regluvæðing hefur átt sé stað síðustu áratugi í sambandi við aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ekki síst eftir að lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið voru lögfest. Um er að ræða bæði sett lög í þrengri og rýmri merkingu sem eiga að tryggja

²⁶ Von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2004). Lærbog í erstatningsret, bls. 63.

²⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 152.



hollustuhætti og öryggi starfsmanna og stundum annarra sem eiga lögmætt erindi á vinnustaðinn.²⁸ Í *Hrd.* 23. febrúar 2012 (468/2011) var deilt um bótaábyrgð vegna brots á skráðri háttnerisreglu. Málsatvik voru þau að nemandi við Menntaskólann á Ísafirði varð fyrir tjóni þegar stigi sem hann stóð á við smíðakennslu rann til í hálku. Aðalorsök slyssins var sú að stiginn var ekki nægilega vel festur. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, sem staðfest var af Hæstarétti, að nemandinn ætti rétt á bótum vegna þess að kennarinn hefði átt að tryggja öryggi á vinnustaðnum, sbr. 1. mgr. 23. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Einnig kom skýrt fram í reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, hvernig festa ætti umrædda stiga niður þannig að þeir rynnu ekki til hliðar. Kennaranum hafði ekki þótt nauðsynlegt að hafa eftirlit með starfseminni vegna reynslu nemandans. Nemandinn var ekki talinn eiga sök á slysinu vegna þess að hann var nemi við skólann og notaði þau verkfæri sem honum voru fengin. Kennarinn var af þessum sökum talinn hafa gerst brotlegur við háttnerisreglur og var íslenska ríkið dæmt bótaskyld.

Í *Hrd.* 1995, bls. 1052 var tjónþoli látinn bera helming tjóns síns sjálfur. Málsatvik voru þau að E sem var málarameistari með 40 ára starfsreynslu, féll niður um op milli stigapalls og glugga niður á næstu hæð og varð fyrir líkamstjóni þegar hann var að mála á stigapalli á milli fyrstu og annarrar hæðar. Aðbúnaður á byggingarstað var skýlaust brot á 9. gr. og 12. gr. reglugerðar nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að vinnuveitandinn bæri skaðabótaábyrgð á helmingi tjónsins sem E varð fyrir en að E ætti að bera helming tjóns síns sjálfur vegna menntunar og starfsreynslu sinnar. E hefði átt að gera sér fulla grein fyrir þeirri hættu sem var fyrir hendi og hefði ekki átt að hefja vinnu við þessar aðstæður.

Þarna er er lögð sú ábyrgð á tjónþola að hann hefði mátt vita betur og hefði ekki átt að byrja að vinna við svo slæmar aðstæður eins og raun bar vitni. Þessi dómur sýnir vel þær kröfur sem gerðar eru til sérfræðinga og manna sem búa yfir mikilli starfsreynslu að haga starfi sínu eftir því og eru þeir því látinn bera hluta tjóns síns sjálfir vegna gáleysis síns.

Einnig eru þess dæmi að um tiltekna starfsstéttir gildi sérstök lög sem kveða á um ákveðna háttsemi eins og til dæmis í 8. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur, sbr. *Hrd.* 1999, bls. 4746 (272/1999):

Gjaldkeri hlutafélagsins N hafði dregið sér fé úr sjóðum félagsins og falið fjárdráttinn með færslum í bókhaldi án gildra fylgiskjala og lagt fram falsaðar afstemmingar að nokkru leyti. N hafði keypt endurskoðunar- og sérfræðihjónustu frá einkahlutafélaginu P og starfaði G sem endurskoðandi hjá félaginu. N krafði P og G um bætur vegna þess tjóns sem N hafði orðið fyrir en G og P höfðu áritað ársreikninga N athugasemdalaut, þótt þeir hefðu ekki fengið afstemmingar

²⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 173- 174.



allra bókhaldsreikninga og án þess að kanna stoðgögn og fylgiskjöl óafstemmdra reikninga. Hæstiréttur taldi að rík skylda hafi hvílt á stjórnendum N að hafa umsjón og eftirlit með bókhaldi félagsins þar sem maður gegndi bæði bókhalds- og gjaldkerastörfum. Einnig víkur Hæstiréttur að 10. gr. þágildandi laga (nú 8. gr. laga nr. 18/1997) laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur en samkvæmt henni þýðir áritun endurskoðanda á reikningsskil, nema annað komi fram af árituninni, að reikningsskilin og bókhaldið, sem þau eru byggð á, hafi verið endurskoðuð af honum og að reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila og að bókhaldið sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum. G áritaði ársreikninga N án athugasemda fjögur ár í röð, þótt allar afstemmingar lægju ekki fyrir við lokafrágang ársreiknings. P og G voru samkvæmt þessu taldir eiga að hluta til sök á því að ekki hafi komist upp um fjárdráttinn fyrr en um fjórum árum eftir að hann byrjaði og voru þeir því taldi bera nokkra ábyrgð gagnvart því tjóni sem N varð fyrir. P og G voru dæmdir til að greiða N bætur að álitum.

Það eru ekki einungis skráðar háttæmisreglur sem hafa þýðingu við mat á sök heldur geta viðurkenndar óskráðar háttæmisreglur, við til dæmis íþróttaiðkun, einnig skipt máli, sbr. *Hrd.*

12. febrúar 2009 (390/2008):

Málavextir voru þeir að tjónvaldur (GG) var að slá upphafshögg í golfi en mistókst höggið, kúlan tók sveig og lenti í auga tjónþola (GÓ) með þeim afleiðingum að rífa kom á augað og augntóftarbein brotnaði. GÓ höfðaði þetta mál til viðurkenningar á skaðabótaábyrgð GG. GG byggði á því að sú hættu sem fylgir golfíþróttinni ætti heima undir reglum um áhættutöku, sem er ein af hlutrænu ábyrgðarleysisástandum skaðabótaréttar en í þeim felst að tjónþoli fær engar bætur. Héraðsdómur fjallaði um að sakarmatið væri almennt vægar en það sem almennt gerist þegar bætur eru sóttar á grundvelli sakarreglunnar vegna slysa sem verða vegna íþróttaiðkunar. Hæstiréttur féllst á þetta með héraðsdómi en sagði hins vegar að þessi viðhorf gætu ekki leitt til þess að sök yrði ekki lögð á GG. Hæstiréttur hafði þó í huga að GÓ hafði verið staddur nánast í beinni skotlínu GG og að GÓ hlyti að hafa séð GG þegar hann sló. Niðurstaðan var sú að GG bæri fébótaábyrgð á tjóni hans en GÓ var látinn bera helming tjóns síns sjálfur, þar sem hann hafði ekki uppfyllt nægilega þær aðgæslukröfur sem gerðar hefðu verið til hans.

Í þessu tilviki var sök tjónþola metin út frá skráðum háttæmisreglum sem vanir golfiðkendur ættu að vita af og fara eftir svo tjón hljótist ekki af háttsemi þeirra. Ekki var farið eftir dómafordæmum í þessu tilviki og má draga þá ályktun að dómara séu byrjaðir að líta meira til meðábyrgðar tjónþola heldur en til reglna um áhættutöku þegar kemur að íþróttum, eins og var t.d. í *Hrd. 2002 bls. 655 (312/2001)*, þar sem tjónþoli þurfti að bera allt sitt tjón sjálfur vegna reglunnar um áhættutöku og tók Hæstiréttur fram að tjónþoli iðkaði íþróttina af frjálsum vilja og að hann hafi vitað af hættunni sem hugsanlega gæti fylgt íþróttinni. Málavextir voru þeir að A sem var orðinn nokkuð þjálfaður leikmaður slasaðist á auga við tennisæfingu. Ekkert þótti hafa komið fram sem sýndi fram á að nokkuð athugasvert hafi verið við umrædda tennisæfingu. Í dómnum kom fram að A hafi verið kunnugt um að hvorki hlífðargleraugu eða net voru notuð við æfingar og honum var frjálst stunda tennisæfingar. Með þessum rökum var A ekki talinn eiga rétt á bótum úr hendi þjálfarans eða íþróttafélagsins.



2.3 Orsakatengsl og sennileg afleiðing

Það er skilyrði fyrir að til skaðabótaábyrgðar stofnist að orsakasamband sé á milli háttsemi tjónvalds og tjóns.²⁹ Sömu kröfur eru gerðar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu milli háttseminnar og tjóns þegar kemur til álita að beita almennu reglunni um meðábyrgð tjónþola.³⁰

2.3.1 Orsakatengsl

Með kröfunni um orsakatengsl er ekki aðeins átt við að háttsemi þurfi að hafa leitt til tjóns, heldur er gerð sú krafa að orsakatengslin þurfi að vera á milli háttsemi tjónvalds og alls þess tjóns sem tjónvaldurinn verður fyrir. Þannig dugir það ekki til að hafa uppi skaðabótakröfu þó svo að tjónþoli geti bent á að tiltekinn maður hafi sýnt af sé saknæma háttsemi, ef það er ekki nákvæmlega sú háttsemi sem olli tjóninu.³¹ Þessu til skýringar má benda á *Hrd. 1996, bls. 2626*:

Lögmaðurinn L krafði skipafélagið S um bætur vegna tjóns sem F varð fyrir þegar vélbátur sem S hafði flutt til landsins fór útbyrðis á leiðinni. S var sýknað um bætur á þeim forsendum að krafan væri fyrnd. Eigandi bátsins F höfðaði þá mál á hendur L og krafðist skaðabóta fyrir sömu fjárhæð og gerð hafði verið á hendur S með þeim rökum að krafan hafði fyrnst í höndum L. Niðurstaðan var sú að L var sýknaður af kröfum F á þeim forsendum að samkvæmt farmsamningi S og F hafði vélbáturinn verið fluttur sem þilfarsfarmur og á ábyrgð farmsendanda og S undanþegið ábyrgðar nema ef tjóni yrði valdið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Samkvæmt þessu átti F ekki lögvarða kröfu á hendur S og höfðu mistök L því ekki leitt til tjóns fyrir F, þ.e. ekki voru orsakatengsl á milli hinnar saknæmu háttsemi L og þess tjóns sem F varð fyrir.

Annað dæmi þar sem ekki þótti sannað að orsakatengsl væru á milli tjóns og saknæmrar háttsemi er í *Hrd. 16. maí 2013 (2/2013)* og *Hrd. 23. febrúar 2012 (468/20011)*. Í *Hrd. 16. maí 2013 (2/2013)* hafði M orðið fyrir líkamstjóni í vinnu sinni þegar pakkar féllu á hana er hún var að losa þá úr bögglagrind. M krafði Í hf. um bætur vegna líkamstjónsins sem hún varð fyrir. M taldi að slysið yrði rakið til vanrækslu Í hf. á skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og einnig reglugerðar nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar. Vanrækslan sem M benti á var að bögglagrindin var þannig hlaðin að hætta stafaði af losun hennar. Fram kom í málinu að sú aðferð sem M beitti við vinnu sína hafði ekki verið í samræmi við viðurkennd vinnubrögð sem starfsmönnum Í hf. eru kennd. Hæstiréttur taldi því að slysið yrði rakið til óhappatilviljunar og aðgæsluleysis M.

Í *Hrd. 23. febrúar 2012 (468/20011)*, málavextir voru þeir að A taldi að Í væri skaðabótaskyld á atviki sem gerðist fyrir fæðingu sína. Móðir A hafði fengið meðgöngueitrun

²⁹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 345-347.

³⁰ Arnljótur Björnsson. (1984). *Hjálmar, hlífðargleraugu og öryggisbelti*. Bls. 187.

³¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 346-347.



og byggði A kröfu sína á því að starfsmenn Í bæru skaðabótaábyrgð á því að hafa vanrækt að leggja móður hans inn á sjúkrahús til eftirlits og meðferðar vegna meðgöngueitrunarinnar í kjölfar læknisskoðunar sem hún fór í. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm, en héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að veikindi A væru ekki rakin til læknisskoðunar þó hún hafi verið ófullnægjandi. Skilyrði um orsakatengsl voru því ekki fullnægt og var því Í sýknað af kröfu A

Það er ekki gert að skilyrði í skaðabótarétti að háttsemin sé meginorsök tjóns. Þetta veldur því að leysa þarf úr ýmsum álitamálum við mat á skaðabótaskyldu þegar tjóni kann að hafa verið valdið vegna háttsemi fleiri en eins aðila eða þegar fleiri en ein orsök kunna að búa að baki tjóni. Þá getur skipt máli hvort orsök telst veigamikil eða ekki, sbr. *Hrd. 1993, bls. 1594*:

Snjóflóð hafði fallið úr gili á Patreksfirði og olli mikli tjóni, m.a. á fasteignum. Eigendur fasteignar sem skemmdist höfðuðu skaðabótamál á hendur Patreksfjarðarhreppi. Krafa þeirra var reist á að því að lega varnargarða sem hreppurinn hafði gert hefði valdið því að snjór safnaðist þar og beint stefnu flóðsins þannig að það féll á hús þeirra. Í Hæstarétti sagði svo um sönnun orsakatengsla: „Telja verður, að nokkrar líkur hafi verið að því leiddar, að varnargarðurinn við farveginn úr Geirseyrargili kunni að hafa haft einhver áhrif á stefnu snjóflóðsins á einhverju skeiði og dreifingu þess. Gögn málsins veita hins vegar ekki þær vísbendingar, að unnt sé að staðhæfa, að garðurinn hafi verið veigamikil orsök fyrir stefnu flóðsins og því tjóni, sem varð....“ Af þessum sökum var fullyrðingum stefndu um áhrif varnargarðarins taldar ósannaðar og þóttu stefndu ekki hafa tekist að sýna fram á að umræddar framkvæmdir í hlíðinni hafi haft þau áhrif að tjón stefndu yrði rakið til þeirra. Taldi Hæstiréttur að um stórfelldar náttúruhamfarir hafi verið að ræða.

Meðorsök er talin fullnægja skilyrðum um orsakatengsl, sbr. *Hrd. 1968, bls. 1271*, þar sem G höfðaði mál og krafðist bóta frá X, m.a. vegna missis framfæranda. Eiginmaður G, sjómaðurinn J lést 8 árum eftir slys sem hann varð fyrir þegar sprenging varð í ketilrými, þar sem hann var starfsmaður X. Sannað var að J hefði hlotið heilsubresti sökum slyssins. Læknaráð taldi líklegt að heilsubrestur J af völdum slyssins hefði að minnsta kosti verið meðverkandi orsök dauða hans og því voru G dæmdar bætur.

Orsök þarf ekki að hafa verið frumorsök sbr. *Hrd. 2001, bls. 718 (385/2000)*, B varð fyrir líkamstjóni þegar hann starfaði hjá K. Lyfta hafði bilað og var B fenginn til að athuga lyftuna. Lyftan féll með B innbyrðis og stöðvaðist ekki fyrr en slaki sem hafði myndast var farinn af. B hlaut meiðsl við fallið og höfðaði bótamál gegn K. Talið var að eftirlit og viðhald lyftunnar hefðu ekki verið í samræmi við gildandi reglur og að ábendingu vinnueftirlitsins hefði ekki verið sinnt. Hæstiréttur taldi að líkur væru á því að slakrofi lyftunnar hefði ekki verið í fullu lagi fyrir slysið. Frumorsök slyssins væri undanfarandi bilun sem K bar ábyrgð á og var hann því talinn skaðabótaskyldur. Hins vegar var B látinn bera helming tjóns síns sjálfur af þeirri ástæðu að hann hafði til að bera fagþekkingu og hefði því átt að vera fulljós að honum kynni að vera hætta búin ef hann stigi fæti í lyftuna.



2.3.2 Sennileg afleiðing

Skilyrðið um sennilega afleiðingu er byggt á þeim sjónarmiðum að varnaðarhlutverk skaðabótareglna geri það að verkum að tjónvaldur verði aðeins gerður ábyrgur fyrir þeim afleiðingum sem hann gat séð fyrir. Ekki er nægilegt að sýna aðeins fram á að orsakatengsl séu á milli saknæmrar háttsemi og tjóns svo unnt sé að knýja fram skaðabótakröfu, heldur verður tjón einnig að vera sennileg afleiðing háttseminnar.³² Í *Hrd. 1986, bls. 110*, höfðaði G mál gegn álverinu Í og krafðist skaðabóta. G, sem rak kjúklingabú, taldi að sökum mengunar af völdum álversins í Straumsvík hefði hann orðið fyrir stórfelldum vanhöldum á kjúklingum. Sönnunargögn leiddu nokkrar líkur á því að vanhöld á kjúklingunum mætti rekja til mengunar frá Í. Í forsendum héraðsdóms sem staðfestur var af Hæstarétti þótti það ekki sannað vegna þess að kjúklingarnir voru fóðraðir á utanaðkomandi fóðri og vatni sem var úr nágrenninu og hvorki fóðrið né vatnið var flúormengað. Þannig var ekki talið að sýnt hefði verið fram á með líffræðilegum rannsóknum, flúormælingum á beinösku, rannsóknum á umhverfisaðstæðum eða öðrum gögnum sem fram voru færð í málinu, að vanhöld á kjúklingabúi G hafi verið afleiðing eða sennileg afleiðing af álversrekstri Í. Í því ekki talið bótaskyld.

Þeim mörkum sem skilyrðið um sennilega afleiðingu setur skaðabótaábyrgð hefur verið lýst sem svo að takmarka verði ábyrgð við þær afleiðingar bótaskyldrar háttsemi sem eru fyrirsjáanlegar eða sem er eðlilegt og sanngjarnt að gera mann ábyrgan fyrir. Álitafni um sennilega afleiðingu rís aðeins ef að afleiðingar saknæmrar háttsemi séu mjög fjarlæggar eða óvenjulegar. Til að uppfylla skilyrðin um sennilega afleiðingu þarf hætta á tjóni að hafa aukist vegna hinnar saknæmu háttsemi. Aftur á móti er hægt að færa fyrir því rök að skaðabótaábyrgð hafi oft verið takmörkuð með vísan til reglna um sennilega afleiðingu án þess að um fjarlæga eða óvenjulega afleiðingu hafi verið um að ræða.³³ Sem dæmi um þetta er *Hrd. 1934, bls. 836*. Í málinu var deilt um bætur vegna tjóns sem hlaust við árekstur tveggja skipa. Hafnað var að dæma bætur vegna tjóns sem fólst í launagreiðslum og aflahlutar til tveggja landmanna með þeim rökum að óútreiknanlegt væri hvaða hagsmunir í landi, annarra en útgerðarmanna, eigenda og vátryggjenda væru tengdir skipinu. Með því að leggja skyldu á að tryggja slíka hagsmuni væri of víðtækt og með öllu ófyrirsjáanlegt og ófyrirsjáanlegt.

³² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 64-65.

³³ Viðar Már Matthíasson. (2003). *Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar*. Bls. 334-337.



Annað dæmi er að finna í *Hrd. 1936, bls. 243* en í því máli hafði drengur látist þegar skorsteinn féll af vörubílsfalli og yfir drenginn. Eigandi vörubifreiðarinnar var talinn bera ábyrgð á slysinu. Aftur á móti var eigandinn sýknaður af kröfu um bætur vegna vinnutaps föður drengsins vegna þess að hann hafði þurft að vera hjá móður drengsins sem fékk áfall við slysið. Rétturinn taldi þetta tjón hvorki nógu eðlilegt né vera bein afleiðing slyssins svo hægt væri að krefjast bóta úr hendi eiganda bifreiðarinnar gegn andmælum hans.

Dæmdar hafa verið bætur vegna háttsemi sem fáir myndu telja sennilega afleiðingu hinnar bótaskyldu háttsemi, sem dæmi má nefna *Hrd. 1983, bls. 1826*. Þar voru málsatvikin þau að verkamönnum hafði verið gert að sópa upp kalk sem fallið hafði við uppskipun skips. Ekki voru nægilega margir kústar fyrir alla þá sem falið var að vinna verkið og tókust þeir Ú og R á um einn kústinn. R sveiflaði hendinni í átt til Ú með þeim afleiðingum að kalk sáldraðist í auga Ú og hlaut hann skaða við það. Í bótamáli gegn vinnuveitandanum var vinnuveitandi talinn bera ábyrgð á tjóni Ú vegna vanrækslu á að tryggja öryggi starfsmanna sinna.

2.4 Sakarlíkindareglan

Tjónþoli ber almennt sönnunarbyrði um sök tjónvalds í skaðabótarétti,³⁴ en því er snúið við með sakarlíkindareglunni og þá ber tjónvaldur sönnunarbyrði um að háttsemi hans hafi ekki verið saknæm.³⁵ Tjónþola nægir að sanna að hafa orðið fyrir tjóni en tjónvaldur losnar aðeins undan ábyrgð ef hann getur sýnt fram á að tjón sé ekki hægt að rekja til saknæmrar háttsemi hans eða annarra sem hann ber ábyrgð á.³⁶

Sakarlíkindareglan er lögfest meginregla um ábyrgð á tjóni af völdum ökutækja og var fyrst lögfest með 147. gr. siglingalaga nr. 56/1914 sem nú eru brottfallin en sú grein fjallaði um ábyrgð farmflytjanda á skemmdum farmi.³⁷ Sakarlíkindareglunni hefur einnig verið beitt af dómurum sbr. *Hrd. 2006, bls. 308 (317/2005)* og *Hrd. 30. apríl 2008 (309/2007)*. Í fyrrnefnda dómnum kröfðust G, Ó og S viðurkenningar á bótaskyldu Í vegna tjóns sem A, móðir þeirra, varð fyrir í kjölfar sýkingar sem starfsfólki Í yfirsást að greina og veita meðferð við. Héraðsdómur lagði sönnunarbyrði á Í um að umrædd sýking hefði ekki verið eins og haldið var fram og taldist Í ekki hafa náð að sýna fram á annað. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu héraðsdóm.

³⁴ Guðjón St. Marteinnsson. (2008). *Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana*. Bls. 74.

³⁵ Vinding Kruse. A. (1989). *Erstatningsretten*. Bls. 169.

³⁶ Guðmundur St. Marteinnsson. (2008). *Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana*. Bls. 74.

³⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 307.



Í seinni dómum var S dæmdar skaðabætur vegna ólöglegs verðsamráðs olúfélaganna. S taldi sig hafa orðið fyrir tjóni við kaup á bensín hjá K vegna ólöglegs verðsamráðs K og tveggja annarra olúfélaga. Samráðið tók meðal annars til verðlagningar á bensíni. Dómurinn taldi að stefnda, olúfélaginu, hefði ekki tekist að sanna að tjón viðkomandi hafi ekki komið til vegna samráðs félaganna og sneri dómurinn því sönnunarbyrðinni frá neytandanum yfir á olúfélagið.

2.5 Vinnuveitendaábyrgð

Með aukinni vélvæðingu var aukin krafa um vernd fyrir starfsmenn vegna þeirrar áhættu sem þeir taka fyrir vinnuveitendur sína.³⁸ Reglan um vinnuveitendaábyrgð er ólögfest en ein mikilvægasta meginreglan á sviði skaðabótaréttar.³⁹ Þó svo að reglan um vinnuveitendaábyrgð sé ólögfest þá er hún óumdeild⁴⁰ og gera ýmis lagaákvæði ráð fyrir tilvist reglunnar, eins og sjá má til dæmis í 1. mgr. 23. gr. skbl.

Vinnuveitendaábyrgðin felur það í sér að vinnuveitandi getur orðið skaðabótaskyldur vegna tjóns sem starfsmaður hans veldur með saknæmum hætti. Það er ekki skilyrði skaðabótaábyrgðar að vinnuveitandinn sjálfur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi en þó er það skilyrði að starfsmaður hans hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þar sem ábyrgðin er byggð á sakargrundvelli. Ef vinnuveitandinn hefur sýnt af sér saknæma háttsemi verður hann bótaskyldur á grundvelli sakarreglunnar.⁴¹

2.5.1 Helstu rök fyrir reglunni um vinnuveitendaábyrgð

Helstu rökin fyrir tilvist reglunnar um vinnuveitendaábyrgð má greina í fernt. Í fyrsta lagi lýtur starfsmaður boðvaldi vinnuveitanda og hefur vinnuveitandi fjárhagslegan ávinning af því að hafa starfsmanninn í starfi hjá sér. Eðlilegt þykir að samsama starfsmann og vinnuveitanda í skaðabótarétti og er það nefnd virk samsömun, sérstaklega með tilliti til tjónþolans, þar sem eins og áður segir ákveður vinnuveitandi með hvaða hætti starfið er framkvæmt. Í öðru lagi er vinnuveitandi í flestum tilvikum betur í stakk búinn að taka á sig fjárhagslegu ábyrgðina sem skaðabótaábyrgðin hefur í för með sér. Vinnuveitandi hefur þann kost á að flytja kostnaðinn yfir á viðskiptamenn sína með hærra vöruverði og getur þannig dreift kostnaðinum sem fylgir ábyrgðinni á fleiri aðila. Í þriðja lagi hefur reglan varnaðaráhrif á þann hátt að vinnuveitendur ráða ekki hvern sem er í vinnu til sín, þeir vanda valið á starfsmönnum og leiðbeina þeim í starfi. Í fjórða lagi getur vinnuveitandi metið áhættur sem

³⁸ Viðar Már Matthíasson. (2009). *Vinnuveitendaábyrgð, ýmis álitaefni tengd vinnustaðahugtakinu*. Bls. 298.

³⁹ Viðar Már Matthíasson. (2009). *Vinnuveitendaábyrgð, ýmis álitaefni tengd vinnustaðahugtakinu*. Bls. 298.

⁴⁰ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 255.

⁴¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 256-257.



fylgja starfinu og til dæmis ákveðið hvort hann kaupir ábyrgðartryggingu⁴² en í þeim tilvikum þar sem váttrygging er til staðar er það váttryggingafélag vinnuveitanda sem er raunverulegur greiðandi skaðabótakröfunnar.

2.5.2 Vinnuveitandi

Samkvæmt reglunni um vinnuveitandaábyrgð liggur sjaldan vafi á því hver sé vinnuveitandi, það er að segja hver ber ábyrgðina á tjóni sem starfsmaður veldur. Í flestum tilvikum er ráðningarsamningur á milli vinnuveitanda og starfsmanns og liggur enginn vafi á því að starfsmaðurinn var að fylgja fyrirmælum vinnuveitanda þegar tjónið varð. Aftur á móti geta komið upp tilvik þar sem það er ekki augljóst hver ber ábyrgð á starfsmanni, sbr. Hrd. 22. mars 2007 (485/2006):

Málavextir voru þeir að K, sem var starfsmaður V, varð fyrir líkamstjóni er hann féll úr bröttum stiga þegar hann var að bera gosflöskur niður á lager í versluninni Suðurver. Starf K fólst í því að fara á milli verslana og raða vörum V í hillur verslana og K krafðist skaðabóta úr hendi V. Hæstiréttur taldi að þar sem umráðaréttur yfir húsnæði verslunarinnar Suðurvers væri ekki á hendi V og að umsjón með verslunarhúsnæði Suðurvers væri ekki undir verkstjórn V bæri að sýkna V af kröfu K.

Stiginn sem K var að fara niður fullnægði ekki reglum byggingarlöggjafar og var vanbúnaður hans talin orsök slyssins. K átti þó ekki skaðabótarétt á hendur V, þar sem V var ekki talin bera ábyrgð á þessum aðstæðum. Hefði K aftur á móti beint kröfu sinni að verslunareiganda Suðurvers hefði hann hugsanlega fengið skaðabætur.

Í tilvikum þar sem tjónvaldur er starfsmaður annars en þess sem á að bera skaðabótaábyrgðina er talað um að vinnuveitandaábyrgðin færir yfir frá upprunalegum vinnuveitanda til þess sem unnið er fyrir þegar tjóni er valdið⁴³, sbr. Hrd. 1996, bls. 2221.

Málavextir voru þeir að Ó var starfsmaður E, sem átti vikursamstæðu. E ákvað að taka niður samstæðuna og flytja hana til Þorlákshafnar. Við uppsetningu í Þorlákshöfn var krani í eigu S notaður til verksins og var starfsmaður S notaður til þess að stjórna krananum og þáði hann laun frá S. Ó slasaðist við uppsetninguna og hlaut hann varanlegan skaða af. Hæstiréttur taldi að orsök slyssins mætti að mestu rekja til mistaka kranastjórans svo og skorts á markvissri verkstjórn af hálfu E. Ó krafði S fyrst um bætur en S var gjaldþrota og því náðu váttryggingar S ekki yfir tjónið. Ó höfðaði þá skaðabótamál gegn E. Málalíbúnaður Ó var reistur á því að E hefði haft verkstjórn með uppsetningu samstæðunnar og kranastjórinn lotið verkstjórn E. Ó taldi að verkstjórn af hálfu E hefði verið ófullnægjandi og bæri því ábyrgð á líkamstjóni sínu. Fallist var á þau rök Ó og var E gert skaðabótaábyrgt gagnvart honum en Ó var þó látinn bera helming tjónsins sjálfur vegna aðgæsluleysis.

Eins og sést telur Hæstiréttur að vinnuveitandaábyrgðin hafi flust frá S yfir á E þar sem um er að ræða lið í ákveðinni heildarframkvæmd verks á vegum E og undir verkstjórn E.

⁴² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 256-257.

⁴³ Viðar Már Matthíasson. (2009). *Vinnuveitandaábyrgð, ýmis álítaefni tengd vinnustaðahugtakinu*. Bls. 300.



2.5.3 Starfsmaður

Nokkur orð hafa verið notuð yfir starfsmann í lögum, þ.e. launamaður, launþegi og verkafólk en þeir sem falla undir þessi hugtök falla líklegast undir regluna um vinnuveitandaábyrgð.⁴⁴ Af fyrrgreindum orðum var orðið launþegi fyrst skilgreint í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota sem eru brottfallin og var það skilgreint svo: „Með launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.“ Við endurskoðun á lögum nr. 53/1993 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrots var lagt til að fyrrgreind skilgreining á hugtakinu launþegi yrði felld úr gildi því skilgreiningin þótti úreld.⁴⁵

Orðið starfsmaður er notað um þann sem selur vinnuafli sitt gegn endurgjaldi, orðið starfsmaður er notað í skaðabótalögum og verður notast við það í þessari ritgerð. Merking orðsins starfsmaður er rýmra í skaðabótarétti heldur en í vinnurétti,⁴⁶ þar sem starfsmaður þarf ekki að þiggja laun við starfið í skaðabótarétti til þess að vinnuveitandaábyrgðin verði virk.

2.6 Hlutlæg ábyrgð

Víðtækasta reglan um bótagrundvöllinn í skaðabótarétti er reglan um hlutlæga ábyrgð.⁴⁷ Hrein hlutlæg ábyrgð er víðtækari ábyrgð en ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar og stofnast ábyrgðin án tillits til sakar tjónvalds. Aðilar geta orðið bótaskyldir eftir hlutlægri ábyrgð þó þeir beri ekki hreina hlutlæga ábyrgð, sbr. t.d. reglunni um vinnuveitandaábyrgð.⁴⁸ Hlutlæg ábyrgð getur í raun verið tvenns konar, það er að segja hrein hlutlæg ábyrgð og skaðabótaskylda eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð.⁴⁹ Í þessum kafla verður aðeins farið yfir skaðabótaskyldu án sakar þar sem farið var yfir vinnuveitandaábyrgðina í kafla 2.3.

Ljóst er að það er mikið hagræði fyrir tjónþola að geta reist skaðabótakröfu á hlutlægri ábyrgð þar sem hann þarf ekki að sanna að um saknæma hegðun hafi verið að ræða. Hins vegar þarf hann að sýna fram á að skilyrði hlutlægu ábyrgðarinnar séu fyrir hendi. Þessi skilyrði geta verið mismunandi en almennt nægir það að sanna að tjón hafi orðið með ákveðnum hætti eins og t.d. af skráningaskyldu ökutækis sem var í notkun eða að tjón hafi orðið vegna bilunar eða galla í tæki. Eitt höfuðeinkenni hlutlægrar ábyrgðar er að

⁴⁴ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 259.

⁴⁵ Lára V. Júlíusdóttir. (2008). *Vinumarkaðsréttur, Handrit til kennslu*. Bls. 20.

⁴⁶ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 93.

⁴⁷ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 222.

⁴⁸ Arnljótur Björnsson. (1984). *Bótaskylda án sakar*. Bls. 6.

⁴⁹ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 105.



orsakatengsl verða að vera á milli tjóns og tiltekinnar atvika á meðan skilyrðið um sök er meginskilyrði ábyrgðar á sakargrundvelli.⁵⁰

Lagareglur sem leggja á hlutlæga ábyrgð á aðila eiga það oft sameiginlegt að aðili fer með höndum rekstur tækja eða starfsemi sem telja má að einhverju leyti sérstaklega hættulega⁵¹ eins og til dæmis 88. gr. umferðalaga. Þessi víðtæka regla nær þó ekki til alls tjóns sem hlýst af notkun skráningarskyldra ökutækja, sbr. 89. gr. umferðalaga. Samkvæmt 89. gr. umferðarlaga bætist tjón sem verður á ökutækjum sjálfum og annað tjón eigenda eða ökumanna sem hlut eiga að árekstrinum eftir almennum skaðabótareglum.

Íslenskir dómstólar leggja almennt ekki hlutlæga bótaábyrgð á menn án beinnar lagaheimildar. Dómstólar beita þá fremur skarreglunni með „afbrigðum“, þ.e. slaka á sönnunarkröfum. Dómaframkvæmd fyrir 1970 sýnir að í sumum tilvikum beitir Hæsiréttur hlutlægri ábyrgð án lagastoðar. Þetta eru einkum dómar vegna vinnuslysa sem hlotist hafa vegna galla eða bilunar í tæki sem vinnuveitandi átti og notaði í rekstri sínum, eins og til dæmis í *Hrd. 1970, bls. 434*. Málvextir voru þeir að S var við vinnu í fiskvinnslu þegar honum skrikaði fótur og festi hönd sína í færiband sem leiddi í afhausunarvél. Í sama bili náði S að ýta á stopprofa og stöðvaðist vélin við það. Þegar S sleppti svo takkanum hélt vélin áfram og ýtti hann því aftur á rofann og kallaði á vélstjóran G sem var nærstaddur. G kallaði á nærstadda starfsmenn og bað þá að taka örygginn úr rafmagnstöflunni. Umræddir starfsmenn vissu ekki hvaða öryggi voru fyrir afhausunarvélina og sleppti þá G rofanum og tók örygginn sjálfur úr rafmagnstöflunni. Við það fór vélin aftur í gang með þeim afleiðingum að hönd S barst í afhausunarhnífana og skárust í sundur sínar, taugar og æðar í handlegg hans. S hlaut við þetta varanlega örorku og var fiskvinnsla látin bera fulla bótaábyrgð á tjóni hans vegna þess að fiskvinnslunni bar að hafa öryggisatriði eins og stopprofa í lagi.

⁵⁰ Arnljótur Björnsson. (1984). *Bótaskylda án sakar*. Bls. 6.

⁵¹ Arnljótur Björnsson. (1984). *Bótaskylda án sakar*. Bls. 7.



3. Meðábyrgð tjónþola

Reglan um meðábyrgð tjónþola á uppruna sinn í Rómarrétti en þar gildi að bótaábyrgð tjónvalds féll niður ef tjónþoli hafði sýnt af sér sök. Reglan gildi í dönskum og íslenskum rétti fram til fyrri heimstyrjaldar.⁵² Reglan var nefnd meginsakarkenningin og átti þá sá sem bar meginsök á tjóni að bera ábyrgð á því að öllu. Enn eimir af þessu viðhorfi. Lögfest var regla um ábyrgð skipa í 2. mgr. 225. gr. siglingalaga nr. 56/1914⁵³ og með því hófst þróun í þá átt að hlutfallslegri skiptingu á tjóni vegna meðábyrgðar sem varð svo ein af hinum almennu reglum skaðabótaréttar.⁵⁴ Meðábyrgð er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Eigin ábyrgð tjónþola þegar tjónþoli þarf að sæta því að skaðabætur til hans skerðast eða falla niður vegna þess að hann ber sjálfur ábyrgð á tjóni sínu að hluta eða öllu leyti. Meðábyrgð kemur oftast til vegna eigin sakar tjónþolans en þó getur verið að meðábyrgð sé reist á öðrum reglum um skaðabóta grundvöllinn.⁵⁵

Ekki er vitað hvenær Hæstiréttur Íslands byrjaði að beita reglum um meðábyrgð án beinnar lagastofðar eins og gert er í dag, en í *Hrd. 1945, bls. 79*, var gangandi vegfarandi látinn bera meðábyrgð vegna tjóns síns sem hann hlut þegar hjólreiðamaður hjólaði á hann. Hæstiréttur sagði: „að stefnandi hafi heldur eigi hagað sér svo sem honum bar, þar sem hann fór út á götu, þar sem vænta má mikillar umferðar, án þess að gæta vel að farartækjum, og auk þess staðnæmdist á götunni, sem honum bar þó sérstaklega að varast.“ Gangandi vegfarandinn var því látinn bera þriðjung tjóns síns sjálfur.

Á árinu 1947 er einnig að finna nokkra dóma þar sem reglunni um meðábyrgð er beitt, sbr. *Hrd. 1947, bls. 92, bls. 106 og bls. 248*, en í þeim dómum er um handalögmál að ræða þar sem sakarskipting ræðst af reglunni um meðábyrgð. Reglunni um meðábyrgð hafði verið beitt í nokkrum málum áður og þá einkum vegna umferðaslysa.

Í *Hrd. 1933, bls. 192*, byggði Hæstiréttur niðurstöðu sína vegna meðábyrgðar á löggjöfnun frá skráðum lagareglum en ekki á því að almenn ólögfest regla hafi verið til staðar sem heimilaði að skipta sök við ákveðnar aðstæður. Í dómi Hæstaréttar segir:

Þar sem sökin af árekstrinum er þannig beggja megin, ber málsaðiljum samkvæmt löggjöfnun frá 2. mgr. 225. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóv. 1914 og 3. mgr. 31. gr. laga um loftferðir nr. 32, 14. júní 1929 og með hliðsjón af 16. gr. laga um notkun bifreiða, nr. 56, 15. júní 1926, að bæta skaða þann er hlaust af árekstri bifreiðanna, að tiltölu við sök hvors um sig.

⁵² Von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2004). *Lærebog i erstatningsret*. Bls. 317.

⁵³ “Nú eru bæði skipin sek, og skulu þau þá bæði bæta skaðann að rjettri tiltölu við sök hvors þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður bygð á þeim skifting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hin seku skip tjónið að jöfnum hlutum.“

⁵⁴ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 375.

⁵⁵ Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Bls. 282



3.1 Inntak reglunnar um meðábyrgð tjónþola

Þegar búið er að staðfesta að sá sem olli tjóni sé skaðabótaskyldur getur bótaskylda hans samt sem áður sætt takmörkunum. Reglan um meðábyrgð tjónþola er sú regla sem getur haft þessi réttaráhrif. Reglan er ólögfest en nokkur ákvæði eru að finna sem gera ráð fyrir skiptingu á tjóni vegna meðábyrgðar,⁵⁶ sbr. 88. og 89. gr. umferðalaga., 158. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 23. gr. a. skaðabótalaga.

Þegar um meðábyrgð er að ræða missir tjónþoli sjaldnast allan bótarétt sinn heldur er ábyrgðinni skipt á milli hans og tjónvalds.⁵⁷ Samkvæmt reglunni um meðábyrgð tjónþola ber tjónþoli sjálfur tjón sitt í samræmi við þá ábyrgð sem hann ber á því en litið er framhjá minniháttar ábyrgð tjónþola ef háttsemi tjónvalds er sérlega vítaverð.⁵⁸ Þessu til stuðnings er hægt að benda á *Hrd. 2004, bls. 5066 (287/2004)*, þar sem L missti stjórn á bifreið sinni og kastaðist framan á bifreið er hann reyndi að forða árekstri við aðra bifreið. Bifreiðin sem L reyndi að forðast var á röngum vegarhelmingi. Sannað var í málinu að þoka og slæmt skyggni var á slysdegi og þótti sannað, með vísan til framburðar vitna, að tjónvaldur hefði ekið með háskalegum hætti. Þrátt fyrir að aðstæður hefðu gefið til kynna að ökumenn hefðu átt að aka með sérstakri gát var ekki talið að aksturshraðinn fæli í sér gáleysi sem hefði áhrif á sakarskiptingu í málinu því yfirgnæfandi sök á árekstrinum átti sá sem ók á röngum vegarhelmingi.

Lögfestar hafa verið ýmsar sérreglur um meðábyrgð tjónþola sem lúta einkum að því að meðábyrgð tjónþola eigi ekki að hafa réttaráhrif nema ef háttsemi tjónþola teljist stórfellt gáleysi eða ásetningur. Dæmi um það er 2. mgr. 88. gr. umfl., 2. mgr. 128. gr. loftferðalaga. nr. 60/1998, 9. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð, 6. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og 23. gr. a. skaðabótalaga. Nokkur sjónarmið búa að baki reglunni um meðábyrgð tjónþola, svo sem varnarsjónarmið, bótasjónarmið og réttlætissjónarmið.⁵⁹ Reglan er fyrst og fremst rökstudd með því að koma í veg fyrir tilviljanir hverjum tjónið lendi á.⁶⁰

3.2 Mat á meðábyrgð

Saknæmisstig tjónþola skiptir mestu máli við mat á því hvort það eigi að skerða rétt hans til bóta vegna meðábyrgðar.⁶¹ Saknæmisstig tjónvalds skiptir einnig máli og eru saknæmisstigin

⁵⁶ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 373.

⁵⁷ Arnljótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur, Kennslubók fyrir byrjendur*. Bls. 83.

⁵⁸ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 373.

⁵⁹ Arnljótur Björnsson. (1984). Hjálmar, hlífðargleraugu og öryggisbelti. Bls. 188-191.

⁶⁰ Von Eyben. Bo og Isager. Helle. (2004). *Lærbog í erstatningsret*. Bls. 318.

⁶¹ Indriði Þorkelsson. (1984). *Eigin sök tjónþola*. Bls.



borin saman og er niðurstaðan um hlutfall meðábyrgðar tjónþola háð framgöngu tjónvalds⁶² en þetta sést glöggt í *Hrd. 2003, bls. 2198 (463/2002)*:

Málavextir voru þeir að G sem var starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur (O), átti að sinna viðgerðum á háspennustaurum í Grafarholtinu (Grafarholtslínu). Spennan var tekin af Grafarholtslínu vegna viðgerðanna en ekki af Úlfarsfellslínu sem lá á kafla með Grafarholtslínu. G fór upp í háspennustaur á Úlfarsfellslínu af einhverjum ástæðum og fékk í sig straum sem olli honum stórkostlegu líkamstjóni og hafði í för með sér algera varanlega örorku og mikinn varanlegan miska. Deilt var meðal annars um það hvort G ætti að bera sjálfur hluta tjónsins vegna meðábyrgðar því hann hefði sýnt af sér aðgæsluleysi við framkvæmd starfans. O hafði varað við hættu af Úlfarsfellslínu en náði ekki að sýna fram á að verkstjórn og fyrirmæli hefðu verið nægilega nákvæm og markviss til starfsmanna og ekki var farið eftir fyrirmælum reglugerðar við framkvæmd starfans. Hæstiréttur taldi að O hefði brotið gróflega reglur um framkvæmd verka af því tagi sem um ræddi og ef reglum hefði verið fylgt hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Sök O var metin svo yfirgnæfandi í samanburði við aðgæsluleysi G að ekki þótti ástæða til að gera G meðábyrgan.

Miða skal við það tímamark er tjónsatvik átti sér stað, sbr. *Hrd. 2002, bls. 296 (303/2001)*:

H krafði Ísafjarðarbæ (Í) um skaðabætur vegna líkamstjóns sem hún taldi sig hafa orðið fyrir vegna slökkviliðsæfingar Í nærri heimili hennar. Slökkviliðið var með leyfi Í til þess að kveikja í nálægu húsi en H hafði ekki verið tilkynnt um æfinguna, þar sem ekki náðist í hana. Breytingar á veðri og vindum ollu því að eldurinn fór úr böndunum og barst neistaflug og reykur yfir til húss H. Tekin var sú ákvörðun að fara inn til H og vekja hana snemma morguns svo hún gæti yfirgefið húsið vegna hættuástands. H hélt að það væri kviknað í hjá sér og að hættan væri gríðarleg þó það hafi ekki verið raunin, hún hlaut andlegt áfall og mikla varanlega örorku og miska sem talið var að Í bæri ábyrgð á. Í þessu máli var það ekki látið skipta máli þó svo H hafi í raun ekki verið í þeirri lífshættu sem hún taldi sig vera í er slökkviliðsmenn ruddust inn til hennar. Slökkviliðið var talið hafa sýnt af sér gáleysi með því að kveikja í húsi í miðri íbúabyggð án þess að tilkynna H um það. Orsakatengsl var á milli brunaæfingarinnar og heilsutjóns H og heilsutjónið var talið vera sennileg afleiðing umræddrar brunaæfingar.

3.3 Mismunandi réttaráhrif meðábyrgðar

Réttaráhrif meðábyrgðar eru ekki þau sömu á sviði kröfuréttar og skaðabótaréttar. Eins og áður greinir skerðast bætur á sviði skaðabótaréttar vegna meðábyrgðar eða falla niður en hið síðargreinda er afar fátítt. Á sviði kröfuréttar fellur réttur til bóta yfirleitt alveg niður⁶³, þetta á til dæmis við þegar kaupandi sinnir ekki aðgæsluskyldu sinni fyrir kaup, sbr. 20. gr. laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000 og 29. gr. laga um fasteignakaup nr. 40/2002.

3.4 Breyting á viðhorfum í umferðarétti

Þó ekki hafi verið vikið að reglunni um áhættutöku í bótareglum umferðarlaga áður fyrr, hafði henni verið beitt í málum um bætur fyrir umferðarslys í meira en þrjá áratugi.⁶⁴ Áður en reglunni um meðábyrgð tjónþola var breytt í umferðarétti nægði einfalt gáleysi til þess að heimilt væri að lækka eða fella niður bætur þegar tjónþoli var meðvaldur að tjóni.⁶⁵ Með þeim breytingum sem gerðar voru í núgildandi umferðarlögum hafði einfalt gáleysi ekki

⁶² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 380.

⁶³ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 49.

⁶⁴ Arnljótur Björnsson. (2001). *Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum öikumanni*. Bls. 2-3.

⁶⁵ Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 440.



lengur áhrif á bótarétt manns, sem verður fyrir umferðarslysi,⁶⁶ sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðalaga, sem hljóðar svo: „Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni lést eða var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.”

Breytingin hefur það í för með sér að meðábyrgð tjónþola skerðir eða fellir niður bótarétt hans ef tjónþoli hefur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Þær breytingar sem gerðar voru á þessari grein eru til þess fallnar að samræma ákvæði umferðarlaga um fébætur og váttryggingu betur við löggjöf nágrennalanda Íslands en dönsku umferðarlögin voru einkum höfð til hliðsjónar við breytinguna.⁶⁷ Hugsunin sem líklegast býr að baki ákvæðinu er sú að þó svo tjónþoli sýni af sér stórkostlegt gáleysi leiðir það einungis til stíglækkandi bótaréttis eftir alvarleika háttseminnar og aðeins í alvarlegustu tilfellum stórkostlegs gáleysis sem jaðra við ásetning fellur bótaréttur alveg niður vegna meðábyrgðar.⁶⁸ Það myndi líklegast ekki falla undir stórkostlegt gáleysi þó tjónþoli hafi ekki notað öryggisbelti⁶⁹, sbr. *Hrd. 1997, bls. 3523*, þar sem tveir félagar fóru saman í ökuferð um vegleysur. Vegurinn sem þeir keyrðu var slæmur og skyggni einnig slæmt. Bifreiðin valt og var farþegi ekki látinn sæta bótalækkun vegna þess að hann notaði ekki öryggisbelti þótt brýn ástæða þess hefði verið til staðar.

Áður en *Hrd. 2001, bls. 3451 (129/2001)*⁷⁰ féll leiddi það til algjörs missis bótaréttar ef tjónþoli varð fyrir líkamstjóni þar sem hann tók sér far með ölvuðum öikumanni sbr. t.d. *Hrd. 1996, bls. 3120 (453/1994)*. Málavextir voru þeir að Þ slasaðist í umferðarslysi þegar hann tók sér far með ölvuðum öikumanni. Hæstiréttur sagði að Þ hefði ekki geta dulist að ökumaður bifreiðarinnar væri undir áhrifum áfengis og með því að taka sér far með honum hafði hann tekið verulega áhættu og sýnt þannig af sér stórkostlegt gáleysi. Af þessum sökum voru bótakröfur Þ ekki teknar til greina. Einnig kom fram í umræddum dómi að svo víkja ætti frá fyrrum fordæmum þyrfti það að koma skýrt fram hjá löggjafanum ef vilji væri til þess.

Frá þessari dómvenju var horfið í áður nefndum dómi Hæstaréttar 2001, bls. 3451 (129/2001) og svo aftur í *Hrd. 2004, bls. 4621 (243/2004)*, og falla þessi tilvik nú undir reglu 2. mgr. 88. gr. umfl. um meðábyrgð í stað áhættutöku.

⁶⁶ Arnljótur Björnsson. (2001). *Áhættutaka farþega í bifreið með ölvuðum öikumanni*. Bls. 2-3.

⁶⁷ Frumvarp til umferðalaga, þskj. 123, 119. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0123.pdf>. Sótt á vefinn 24. 10. 2013].

⁶⁸ Vagner, H. H. (2004). *Færdelsandsvar*. Bls. 125.

⁶⁹ Frumvarp til umferðalaga, þskj. 123, 119. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/109/s/pdf/0123.pdf>. Sótt á vefinn 24. 10. 2013].

⁷⁰ Bifreið lenti utan í vegg jarðganga eftir mikinn ofsaaustur og slasaðist stúlka í slysinu. Stúlkan mátti vita að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir verulegum áhrifum áfengis. Stúlkan var látin bera 2/3 hluta tjónsins sjálf.



Skilin á milli almenns gáleysis og stórkostlegs eru oft óljós, sem er afar óhentugt, því það getur skipt tjónþola miklu máli hvort háttsemi hans teljist sem almennt eða stórkostlegt gáleysi.⁷¹ Ætla má að dómstólar geri kröfu um að ekki leiki vafi á að gáleysi sé stórkostlegt svo það leiði til skerðingar eða niðurfellingar bótaréttar samkvæmt 2. mgr. 88. gr. umferðalaga.⁷² Vegna kröfunnar um stórkostlegt gáleysi má telja að meðábyrgð tjónþola sem eru fótgangandi vegfarendur, hjólréiðamenn, ríðandi menn eða farþegar í ökutæki sé að mestu leyti úr sögunni.⁷³

3.5 Breyting á viðhorfum í skaðabótarétti

Viðhorfsbreyting hefur einnig verið í skaðabótarétti varðandi meðábyrgð tjónþola, nýtt lagaákvæði, 23. gr. a., kom inn í skaðabótalög með breytingarlögum nr. 124/2009 og tók ákvæðið gildi 18. desember 2009. Samkvæmt ákvæðinu þarf stórkostlegt gáleysi eða ásetning starfsmanns svo til skerðingar á bótum komi í vinnuslysi. Hafi starfsmaður valdið tjóninu með almennu gáleysi fellur skaðabótaábyrgðin á vinnuveitanda og greiðast þá skaðabætur úr ábyrgðartryggingu hans.⁷⁴ Fyrir breytingu skaðabótalaganna nægði almennt gáleysi til að skerða bætur til starfsmanns í vinnuslysi en eftir að breytingarlögin nr. 124/2009 voru samþykkt, þarf hins vegar að koma til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings ef það á að skerða bætur til starfsmanns eða fella þær alveg niður. Lagabreyting þessi hefur það í för með sér að áhætta starfsmanns hefur minnkað á að vera skaðabótaskyldur, ef hann veldur tjóni í þágu vinnuveitanda síns.⁷⁵

Þótt 19. gr. og 23. gr. skaðabótalaga hafi minnkað áhættu starfsmanns á því að vera skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur við framkvæmd starfs síns í þágu vinnuveitanda, var starfsmaður þó ennþá berskjaldaður ef hann varð fyrir líkamstjóni sjálfur. Brún þörf var á breytingu því starfsmaður var illa í stakk búinn að bera sjálfur ábyrgð á líkamstjóni sínu þegar hann hafði til dæmis umtalsverða starfsorkuskerðingu til frambúðar.⁷⁶

Í dómaframkvæmd fyrir gildistöku breytingarlaga nr. 124/2009 sést að tjónþolar hafa þurft að sæta skerðingu bóta sinna vegna almenns gáleysis, það er að segja þegar þeir hafa

⁷¹ Viðar Már Matthíasson. (2005). Skaðabótaréttur. Bls. 441.

⁷² Arnljótur Björnsson. (2003). *Ökutæki og tjónbætur*. Bls. 64.

⁷³ Arnljótur Björnsson. (2003). *Ökutæki og tjónbætur*. Bls. 65.

⁷⁴ Frumvarp til laga. um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum, nr. 124/2009, þskj. 189, 170 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0189.html>. Sótt á vefinn 20. 9. 2013].

⁷⁵ Frumvarp til laga. um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum, nr. 124/2009, þskj. 189, 170 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0189.html>. Sótt á vefinn 20. 9. 2013].

⁷⁶ Frumvarp til laga. um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum, nr. 124/2009, þskj. 189, 170 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0189.html>. Sótt á vefinn 20. 9. 2013].



hagað háttsemi sinni lítillaga frá „eðlilegri“ háttsemi sem orsakaði varanlega örorku. Því til stuðnings er hægt að benda á *Hrd. 2005, bls. 708 (371/2004)*:

Málavextir voru þeir að Z slasaðist á vinnustað sínum er hún ætlaði að stökkva yfir á gólfmottu, sem hún taldi trausta, til þess að forðast bleytu á gólfi sem var verið að þrifa en hún féll við stökkið á gólfið og slasaðist. Z vann ekki í þeirri deild er slysið átti sér stað en þurfti að ganga þar í gegn til þess að komast til sinnar deildar. Gólfíð var vanalega hált í viðkomandi deild vegna fitu eða bleytu tengdri vinnu sem þar fór fram og þurftu starfsmenn sem unnu í þeirri deild að vera í sérstökum stígvélum við vinnu sína. Z var í sínum eigin skóm enda vann hún í annari deild þar sem ekki var nauðsynlegt að vera í sérstökum stígvélum. Hæstiréttur taldi að Z hefði tekið óþarfa áhættu með því að hoppa yfir á gólfmottuna og ættu því báðir aðilar sök á slysinu (vinnuveitandi samkvæmt vinnuveitandaábyrgð) og yrði hún að sæta bótaskerðingar að hluta fyrir almennt gáleysi sitt.

Dómskvaddir matsmenn mátu varanlega örorku Z 35% og það lítillaga frávík frá „eðlilegri háttsemi Z gerði hana ekki jafn setta og hefði verið gert í dag, vegna kröfunnar um stórkostlegt gáleysi. Varanleg örorka hennar er talsverð og því erfitt fyrir Z að mæta þessari umtalsverða starfsorkuskerðingu til frambúðar. Eins má líta á *Hrd. 15. febrúar 2007 (370/2006)*:

þar sem K slasaðist við vinnu sína þegar hann var ásamt öðrum starfsmanni að bera þunga grind með súrefniskútum í gegnum bifreiðageymslu á slökkvistöð S. K þurfti að gera þetta nokkrum sinnum í hverjum mánuði og fór hann alltaf sömu leið. Þegar tjónsatburður varð lágu keðjur í gangveginum og féll K um þær, K gekk afturábak og sá ekki keðjurnar. Í niðurstöðu héraðsdóms sem síðar var staðfest af Hæstarétti sagði: „Verður því fallist á með stefnanda að slysið verði rakið til atvika sem stefndi beri bótaábyrgð á. Hins vegar verður einnig að líta til þess að stefnandi þekkti vel til aðstæðna á vinnustaðnum og honum bar að sýna sérstaka aðgát vegna þess að hann gekk afturábak með þunga byrði og hann gat ekki treyst því fyrirfram að engin hindrun væri í gangvegi hans.“

Þetta lítillaga frávík frá „eðlilegri“ háttsemi taldi hæstiréttur réttlæta það að K bæri helming sakar vegna tjóns sem hann varð fyrir, en eins og með *Hrd. 2005, bls. 708 (371/2004)*, myndi K ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sínu í dag vegna kröfunnar um stórkostlegt gáleysi.

Áður en 23. gr. a. skaðabótalaga kom til sögunnar var búið að takmarka skaðabótaábyrgð starfsmanna með 23. gr. skaðabótalaga.⁷⁷ Lögfesting 23. gr. skaðabótalaga var til þess fallin að minnka skaðabótaábyrgð starfsmanna en krafan um aukna vernd fyrir starfsmenn sem eru meðábyrgir í vinnuslysum var orðin hávær í samfélaginu og gaf ríkisstjórnin frá sér eftirfarandi yfirlýsingu 17. febrúar 2008:⁷⁸ „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á skaðabótalögum í þá veru að meðábyrgð á vinnuslysum verði ekki felld á starfsmann nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis starfsmannsins.“⁷⁹ Úr varð lögfesting 23. gr. a. skbl. með breytingarlögum nr. 124/2009 og samrýmist sú breyting

⁷⁷ Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litíð er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

⁷⁸ Alþingistíðindi 2009-2010, 138. löggjafarþing B. Þskj 437, 170 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0437.html>. Sótt á vefinn 20. 9. 2013].

⁷⁹ <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2866> [sótt á vefinn 23. 10. 2013]



réttarþróun á undanförunum áratugum hvað varðar skaðabótaábyrgð starfsmanna. Sambærilegar reglur hafa verið innleiddar í lög hinna Norðurlandanna og var Ísland að fylgja þeirri þróun eftir.⁸⁰

3.6 Meðábyrgð barna

Reglur um meðábyrgð eiga einnig við um börn. Skilyrði sakarreglunnar þurfa að vera uppfyllt, þarf barn því að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi og með þeirri háttsemi átt þátt í að tjón varð til þess að um meðábyrgð þess geti verið að ræða. Í þessu felst að ekki er hægt að takmarka rétt barna til skaðabóta ef það hefur ekki hegðað sér með öðrum hætti en ætla má að barn á sama aldri og venjulega þroskað hefði gert.⁸¹ Óljóst er hvort hægt sé að draga ályktanir um meðábyrgð barna af íslenski réttarframkvæmd. Nokkuð er til af dómum þar sem deilt er um meðábyrgð barna í slysi. Í *Hrd.* 1988, bls. 302 var níu ára stelpa ekki talin eiga að bera hluta tjóns sem hún varð fyrir þegar hún hlaut brunasár við það að stíga fæti í gegnum gat á heitavatnsþró í gróðurhúsi. Ekki þótti sýnt fram á að sex ára gamall drengur hefði hagað sér gáleysislega í *Hrd.* 1996, bls. 1697 þegar hann brenndist við það að falla í heita laug við sumarhótel og var hann því ekki látinn bera hluta tjóns síns. Í *Hrd.* 1973, bls. 866 var 9 ára drengur, sem var að leika sér í húsgrunni, látinn bera þriðjung tjóns, sem hann varð fyrir þegar hann datt á óvarið steypustyrktarjárn og skemmdi í sér augað. Í *Hrd.* 1992, bls. 1995 var átta ára stelpa látin bera fjórðung tjóns síns þegar hún hljóp yfir umferðargötu og varð fyrir bíl. Í *Hrd.* 1953, bls. 217 var tæplega sjö ára barn látið fjórðung tjóns síns þegar hann hljóp yfir umferðargötu og er það yngsta barn sem hefur þurft að bera hluta tjóns vegna meðábyrgðar.

Erfitt er að draga einhverja ályktun af þessum dómum en þó er hægt að slá því föstu að í íslenskum rétti gildir sú regla að gera megi kröfu til tjónvalds um sérstaka aðgæslu þegar börn eru annars vegar enda eru viðbrögð barna við hættuástandi ólík og ófyrirséðari en fullorðinna. Hugsanlega má draga þá ályktun af íslenski dómaframkvæmd að dómstólar eru vægari þegar börn eiga í hlut en danskir dómstólar sem hafa gengið langt í að leggja skaðabótaábyrgð á börn.⁸²

⁸⁰ Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum, nr. 124/2009, þskj. 189, 170 mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0189.html>. Sótt á vefinn 20. 9. 2013].

⁸¹ Von Eyben. Bo og Isager. Helle. (2004). *Lærebog í erstatningsret*. Bls. 99.

⁸² Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Bls. 413-414.



3.7 Heimild til að líta framhjá meðábyrgð tjónþola

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. skaðabótalaga⁸³ getur dómari litið framhjá meðábyrgð tjónþola ef það yrði honum þungbært eða sanngjarnt þætti, vegna mjög óvenjulegra aðstæðna, að veita honum hærri skaðabætur en hann ætti rétt á eftir almennum reglum.⁸⁴

Í *Hrd. 10. júní 2010 (646/2009)*, varð tjónþoli fyrir alvarlegu líkamstjóni er hann stakk sér í grunnenda Laugardalslaugarinnar (R) og rak höfuðið í botninn. Varanleg örorka hans var metin 100%. Merkingar á dýpi og að æfingar væru bannaðar voru ekki greinilegar sem var brot á reglugerð. Hæstiréttur taldi aftur á móti að tjónþoli hefði sýnt af sér óvarkárni í aðdraganda slyssins og þannig orðið meðábyrgur að slysinu en leit til lækkunarheimildar þar sem meðábyrgðin var talin óveruleg og afleiðingar slyssins sérstaklega þungbærar fyrir tjónþola.

Í þessum dómi uppfyllir tjónþoli skilyrði 1. mgr. 24. gr. skbl. Samkvæmt 1. mgr skal við mat á því hvort beita skuli heimildinni m.a. líta til þess hve mikið tjónið er og hagsmuna tjónþola. Tjónþoli verður í þessu tilviki að öllum líkindum upp á aðra kominn um alla ævi, tjónþoli hafði notið hjálpar bróður síns og vinar, en óvíst var hve lengi það gæti varað. Aðstæður tjónþola eru mjög óvenjulegar þar sem hann er af erlendu bergi brotinn og á ekki aðra að hér á landi. Þar sem hann uppfyllti þessi skilyrði taldi Hæstiréttur hann eiga að fá stærri hlut bóta en hann hefði fengið eftir almennum reglum um meðábyrgð.

Hrd. 24. maí 2012 (7/2012). Málavextir voru þeir að S stökk yfir steinvegg er hann var á leiðinni á dansleik í Fylkisheimilinu. Þeim megin sem S stökk yfir vegginn var hann 70 sentímetra hár en hinum megin var hann 3,82 metra hár og steinsteypt gangstétt. S var ölvaður og tók þá ákvörðun um að stytta sér leið yfir vegginn með þeim afleiðingum að hann slasaðist töluvert. S fór fram á að lækkunarheimild skaðabótalaga yrði nýtt og komst héraðsdómur að því að hún ætti við í hans tilviki þar sem hann var ókunnugur aðstæðum en aðallega vegna þess að aðstandendur Fylkisheimilisins höfðu vitað af þessari hættu og væri það metið þeim til gáleysis að hafa ekki bætt úr aðstæðum. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu og taldi að lækkunarheimild skaðabótalaga ætti ekki við og að S ætti að bera fjórðung tjóns síns sjálfur vegna meðábyrgðar hans, þar sem hann hafi tekið þá hvatvísu ákvörðun að hlaupa í áttina að veggnum og stökkva yfir hann án þess að aðgæta hvernig aðstæður væru handan veggjarins.

⁸³ Þegar skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi má að nokkru eða öllu líta fram hjá því að tjónþoli er meðvaldur að tjóni.

⁸⁴ Frumvarp til skaðabótalaga, þskj. 596, 326. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0596.html>. Sótt á vefinn 13. 10. 2013].



Í niðurstöðum hvorki héraðsdóms né Hæstaréttar er vikið að hvort um óvenjulegar aðstæður hafi verið ræða eða að öðru leyti sanngjarnt fyrir tjónþola að bera tjón sitt sjálfur eftir reglum um meðábyrgð eða samkvæmt lækkunarheimild skaðabótalaga. Við sakarmat bendir héraðsdómur á að gáleysi aðstandenda Fylkisheimilisins sé það mikið að það ætti að beita lækkunarheimildinni en Hæstiréttur telur gáleysi S það verulegt að ekki sé hægt að beita reglunni. Lækkunarheimild skaðabótalaga nær einnig til tilvika þar sem maður fyrirgerir rétti sínum til skaðabóta með áhættutöku en tekur ekki aðeins til meðábyrgðar í þrengstu merkingu.⁸⁵

⁸⁵ Frumvarp til skaðabótalaga, þskj. 596, 326. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/116/s/0596.html>. Sótt á vefinn 13. 10. 2013].



4. Niðurstöður

Markmið höfundar með ritgerð þessari var annars vegar að skýra hugtakið meðábyrgð tjónþola og hins vegar varpa ljósi á hvenær gáleysi tjónþola leiðir til bótaskerðingar.

Svo að til skaðabóta komi þarf vissum skilyrðum að vera fullnægt og fer það eftir skilyrðum þess bótagrundvallar sem á er byggt hverju sinni. Bótagrundvöllurinn er að öllu jöfnu sakarreglan, reglan um hlutlæga ábyrgð, vinnuveitandaábyrgð eða sakarlíkindareglan.

Reglan um meðábyrgð tjónþola kom fyrst fram með siglingarlögum nr. 56/1914. Samkvæmt reglunni um meðábyrgð tjónþola getur komið til greina að lækka bótaábyrgð tjónvalds ef tjónþoli hefur með háttsemi sinni verið meðvaldur að tjóni sínu. Við mat á því hvort skera eigi bætur til tjónþola niður er fyrst og fremst litið til sakar tjónþola og tjónvalds og hún borin saman, sbr. *Hrd. 2003, bls. 2198 (463/2002)* þar sem sök vinnuveitandans var metin svo yfirgnæfandi í samanburði við aðgæsluleysi starfsmannsins að ekki þótti ástæða til að gera hann meðábyrgan.

Eins og fram hefur komið er þróun dómaframkvæmdar í mörgum málaflokkum sú að verið er að fara úr reglum um áhættutöku og yfir í reglur um meðábyrgð tjónþola. Áður fyrr þurfti tjónþoli að sæta skerðingar að hluta eða að öllu leyti vegna almenns gáleysis og jafnvel vegna lítils háttar fráviks frá háttsemi sem tjónþola bar að viðhafa. Þetta sést vel í dómum sem hafa fallið þegar starfsmaður verður fyrir líkamstjóni við vinnu sína. Áður fyrr var starfsmaður látinn bera tjón sitt að hluta sjálfur vegna almenns gáleysis en nú þarf starfsmaður að sýna af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning svo að bótaréttur sé skertur og er það m.a. vegna þeirrar lagabreytingar sem orðið hefur í skaðabótarétti. Það sést vel á dómaframkvæmd að ef vinnuveitandi sinnir ekki þeim skyldum um öryggi og aðbúnað á vinnustað þá er hann talinn skaðabótaábyrgur ef tjón hlýst vegna þess að hann sinnti ekki þessari skyldu sinni sbr. *Hrd. 23. febrúar 2012 (468/2011)*, þar sem kennari hefði átt að tryggja öryggi á vinnustaðnum, sbr. lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Hins vegar kann það að vera metið starfsmanni til sakar sé hann sérfróður eða með langa starfsreynslu og hefði því átt að vita betur, sbr. *Hrd. 2001, bls. 718 (385/2000)* þar sem starfsmaður var málarameistari og með margra ára reynslu af málaravinnu og hann því látinn bera hlut af tjóni sínu sjálfur. Einnig er þróunin sú að dómstólar hafa breytt út frá áralangri dómvenju um áhættutöku þegar tjónþoli verður fyrir slysi þegar hann tekur sér far með ölvuðum öikumanni og er það nú dæmt eftir reglunni um meðábyrgð. Það bendir margt til þess að sama þróun sé að eiga sér stað varðandi áhættutöku í íþróttum, þ.e. það er ekki skilyrðislaust látið falla undir áhættutöku sbr. *Hrd. 12. febrúar 2009 (390/2008)*.



Líklegast er ástæðan fyrir þessari þróun sú að verið er að láta skaðabótaábyrgðina falla á þann sem er betur í stakk búinn til að taka ábyrgðina á sig sbr. *Hrd. 10. júní 2010 (646/2009)* þar sem meðábyrgð tjónþola var talin óveruleg og afleiðingar slyssins taldar sérstaklega þungbærar fyrir hann. Erfitt getur verið fyrir einstakling að taka því fjárhagslega áfalli sem hann verður fyrir með skertri vinnugetu eða algjörri óvinnufærni og er vinnuveitandinn eða váttryggingarfélag yfirleitt betur í stakk búin til að taka það tjón á sig.

Erfitt er að draga ályktanir um hvernig meðábyrgð barna er ákveðin út frá íslenskri dómafrankvæmd. Litið er til aldurs og þroska barna og atvik metin heilstæð í hverju tilviki fyrir sig. Í *Hrd. 1973, bls. 866* var 9 ára drengur, sem var að leika sér í húsgrunni, látinn bera þriðjung tjóns, sem hann varð fyrir en í *Hrd. 1988, bls. 302* var níu ára stelpa ekki talin eiga að bera hluta tjóns sem hún varð fyrir þegar hún hlaut brunasár við það að stíga fæti í gegnum gat á heitavatnsþró. Sex ára gamall drengur var ekki talinn hafa hagað sér gáleysislega í *Hrd. 1996, bls. 1697* þegar hann brenndist við það að falla í heita laug við sumarhótel en í *Hrd. 1953, bls. 217* var tæplega sjö ára barn látið fjórðung tjóns síns þegar hann hljóp yfir umferðargötu og er það yngsta barn sem hefur þurft að bera hluta tjóns vegna meðábyrgðar.



5. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið farið yfir bótagrundvöll skaðabótakrafna sem stofnast vegna meðábyrgðar tjónþola, þar var farið í sakarregluna og gert var grein fyrir skilgreiningu hennar. Einnig var fjallað um sakarlíkindaregluna, vinnuveitendaábyrgð og hlutlæga ábyrgð. Að lokum var farið yfir hugtakið meðábyrgð og reynt að varpa ljósi á hvenær gáleysi tjónþola leiði til bótaskerðingar. Farið var yfir dómaframkvæmd á þessu sviði og voru tilsvareandi ákvæði laga sem eiga við um viðfangsefnið skoðuð.

Að mati höfundar hefur helstu efnistöfum verið gerð góð skil, þó það hefði mátt kafa dýpra í einstaka dóma auk þess sem höfundur hefði mátt bera saman gildandi rétt á Norðurlöndunum þar sem íslensku skaðabótalögin eru komin þaðan. Vegna takmarka á lengd ritgerðarinnar mat höfundar slíkt ekki raunhæft. Höfundur vonast þrátt fyrir það að honum hafi tekist að gera skýrlega grein fyrir helstu atriðum viðfangsefnisins og að lesandinn fái góða sýn á efnið við lestur ritgerðarinnar.



Heimildaskrá

Alþingistíðindi.

Arnlfjótur Björnsson. (2001). Áhættutaka farþega í biðreið með ölvuðum ökumanni. *Líndæla*, (bls.1-20). Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag.

Arnlfjótur Björnsson. (1984). Bótaskylda án sakar. *Tímarit lögfræðinga*. 34 (1), (bls. 6-35). Reykjavík. Lögfræðingafélag Íslands.

Arnlfjótur Björnsson. (1984). Hjálmar, hlífðargleraugu og öryggisbelti. *Tímarit lögfræðinga*. 34 (4), (bls. 185-198). Reykjavík. Lögfræðingafélag Íslands.

Arnlfjótur Björnsson. (1999). *Skaðabótaréttur - Kennslubók fyrir byrjendur*. Reykjavík. Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Arnlfjótur Björnsson. (2003). *Ökutæki og tjónabætur*. Reykjavík. Hið Íslenska Bókmenntafélag.

Forsætisráðuneyti. (2008). Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008. *Frétt af vef Forsætisráðuneytisins*. Sótt 20. september 2013 af slóðinni: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2866>

Guðmundur St. Marteinnsson. (2008). Skaðabótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana. *Úlfjótur*. 61. Árg. 1. tbl. Bls. 5-86. Reykjavík. ORATOR.

Indriði Þorkelsson. (1984). Eigin sök tjónþola. *Úlfjótur*. 37. Árg. 3. tbl. Bls. 127-172. Reykjavík. Bókaútgáfan CODEX.

Kruse, Anders Vinding. (1989). *Erstatningsretten*. Kaupmannahöfn. Jurist- og Okonomforbundets Forlag.

Lára Júlíusdóttir. (2008). *Vinumarkaðsréttur – Handrit til kennslu*. Reykjavík.

Lögfræðiorðabók með skýringum. (2008). Ritstj. Páll Sigurðsson o.fl. Reykjavík. Bókaútgáfan CODEX. Lagastofnun Háskóla Íslands.

Vagner, Hans Henrik. (2004). *Færðselsansvar*. Kaupmannahöfn. Jurist- og Okonomforbundets Forlag.

Viðar Már Matthíasson. (2002). Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar. *Tímarit lögfræðinga*. 52 (4), (bls. 311-356). Reykjavík. Lögfræðingafélag Íslands



Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík. Bókaútgáfan CODEX.

Viðar Már Matthíasson. (2009). Vinnuveitandaábyrgð, ýmis álitæfni tengd vinnustaðahugtakinu. *Úlfjótur*. 62. Árg. 3. tbl. Bls. 297-314. Reykjavík. ORATOR.

Von Eyben, Bo og Isager, Helle. (2004). *Lærbog i erstatningsret*. Kaupmannahöfn. Jurist- og Okonomforbundets Forlag.



Lagaskrá

Siglingalög nr. 56/1914. (brottfallin)
Lög um notkun bifreiða nr. 56/1926. (brottfallin)
Lög um loftferðir nr. 32/1929. (brottfallin)
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.
Siglingalög nr. 34/1985.
Umferðarlög nr. 50/1987.
Lög um einkaleyfi nr. 17/1991.
Lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.
Lög um evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.
Skaðabótalög nr. 50/1993.
Lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993. (brottfallin)
Lög um hlutafélög nr. 2/1995.
Lög um endurskoðendur nr. 18/1997. (brottfallin)
Lög um loftferðir nr. 60/1998.
Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000.
Lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.
Lög um fasteignakaup nr. 40/2002.
Lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004.
Lög um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, nr. 124/2009.

Reglugerðir

Reglugerð um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu nr. 204/1972.
Reglugerð um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar nr. 499/1994.
Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995.
Reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006.



Dómaskrá

Hrd. 1933, bls. 192.
Hrd. 1934, bls. 836.
Hrd. 1936, bls. 243.
Hrd. 1945, bls. 79.
Hrd. 1947, bls. 92.
Hrd. 1947, bls. 106.
Hrd. 1947, bls. 248.
Hrd. 1953, bls. 217.
Hrd. 1968, bls. 1271.
Hrd. 1970, bls. 434.
Hrd. 1973, bls. 866.
Hrd. 1983, bls. 1826.
Hrd. 1986, bls. 79.
Hrd. 1986, bls. 110.
Hrd. 1988, bls. 302.
Hrd. 1992, bls. 1995.
Hrd. 1993, bls. 1594.
Hrd. 1995, bls. 1052.
Hrd. 1996, bls. 1697.
Hrd. 1996, bls. 2221.
Hrd. 1996, bls. 2626.
Hrd. 1996, bls. 3120.
Hrd. 1997, bls. 3523.
Hrd. 1999, bls. 827. (341/1998).
Hrd. 1999, bls. 4746 (272/1999).
Hrd. 2001, bls. 426 (323/2000).
Hrd. 2001, bls. 718 (385/2000).
Hrd. 2001, bls. 3451 (129/2001).
Hrd. 2002, bls. 296 (303/2001).
Hrd. 2002, bls. 655 (312/2001).
Hrd. 2003, bls. 2198 (463/2002).
Hrd. 2004, bls. 4621 (243/2004).
Hrd. 2004, bls. 5066 (287/2004).
Hrd. 2005, bls. 708 (371/2004).
Hrd. 2006, bls. 308 (317/2005).
Hrd. 15. febrúar 2007 (370/2006).
Hrd. 22. mars 2007 (485/2006).
Hrd. 30. apríl 2008 (309/2007).
Hrd. 12. febrúar 2009 (390/2008).



Hrd. 10. júní 2010 (646/2009).

Hrd. 3. mars 2011 (514/2010).

Hrd. 3. nóvember 2011 (689/2010).

Hrd. 23. febrúar 2012 (468/2011).

Hrd. 24. maí 2012 (7/2012).

Hrd. 25. október 2012 (6/2012).

Hrd. 16. maí 2013 (2/2013).



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY